



Nr.: 12/2022

1. júní 2022

Halli á viðskiptajöfnuði 50,3 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2022 – hrein staða við útlönd jákvæð um 32% af landsframleiðslu

Á fyrsta ársfjórðungi 2022 var 50,3 ma.kr. halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Það er 5,8 ma.kr. lakari niðurstaða en ársfjórðunginn á undan og 27 ma.kr. lakari en á sama fjórðungi árið 2021. Halli á vöruskiptajöfnuði var 20 ma.kr. og 5,4 ma.kr. af þjónustujöfnuði. Halli á frumþáttatekjum nam 15,8 ma.kr. og 9,1 ma.kr. á rekstrarframlögum (tafla 1).

Þetta kemur fram í nýbirtum upplýsingum á vef Seðlabanka Íslands sem sýna bráðabirgðayfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2022 og erlenda stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Tafla 1. Greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2021/1</u>	<u>2021/2</u>	<u>2021/3</u>	<u>2021/4</u>	<u>2022/1</u>
Viðskiptajöfnuður	-23,3	-39,4	18,4	-44,5	-50,3
Vöruskiptajöfnuður	-19,6	-55,5	-45,6	-38,2	-20,0
Þjónustujöfnuður	-8,3	22,6	60,4	20,1	-5,4
Jöfnuður frumþáttatekna	12,8	1,9	11,8	-15,8	-15,8
Rekstrarframlög, nettó	-8,2	-8,3	-8,2	-10,6	-9,1
Jöfnuður fjárframlaga	-0,6	-0,7	-0,4	-0,9	-0,9
Fjármagnsjöfnuður	12,0	-3,4	82,9	-59,6	-38,5
Bein fjárfesting	37,0	21,0	-10,7	-46,8	17,6
Verðbréf	-134,1	23,8	66,7	28,6	-62,2
Afleiður	-0,9	2,6	4,4	4,7	4,6
Önnur fjárfesting	30,9	-64,2	-32,1	-44,3	-4,1
Gjaldeyrisforði	79,0	13,4	54,7	-1,9	5,6
Skekkjur og vantalíð, nettó	35,8	36,6	64,9	-14,2	12,7

Lakari niðurstaða viðskiptajafnaðar miðað við sama ársfjórðung árið 2021 skýrist að mestu leyti af lakari niðurstöðu frumþáttatekna sem nemur 28,5 ma.kr. Að mestu leyti skýrist það af bættri afkomu fyrirtækja í erlendri eigu sem flokkast undir beina fjárfestingu.² Einnig voru vöruviðskipti lakari um sem nemur 0,4 ma.kr., og rekstrarframlög um 1 ma.kr. Halli á þjónustuviðskiptum var um 2,9 ma.kr. minni.³

¹ Sjá töflur um greiðslujöfnuð og erlenda stöðu þjóðarbúsins í talnaefni í Hagtölum á vef Seðlabankans, www.sedlabanki.is

² Jákvæð afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eigu mælist sem gjöld í viðskiptajöfnuði.

³ Sjá á [vef Hagstofunnar](http://vef.hagstofunnar.is).

Í lok ársfjórðungsins var hrein staða við útlönd jákvæð um 1.076 ma.kr. eða 32% af vergri landsframleiðslu (VLF) og versnaði um 214 ma.kr. eða 6,4% af VLF á fjórðungnum. Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.807 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 3.730 ma.kr. Á fjórðungnum lækkaði staðan um 38 ma.kr. vegna fjármagnsviðskipta en erlendar eignir lækkuðu um 19 ma.kr. vegna þeirra og skuldir hækkuðu um 51 ma.kr. Virði eigna lækkaði á ársfjórðungnum um 302 ma.kr. vegna gengis- og verðbreytinga og skuldir lækkuðu um 116 ma.kr. Gengis- og verðbreytingar leiddu því til lakari stöðu sem nemur 186 ma.kr. Verð á erlendum verðbréfamörkuðum lækkaði um 5,6% milli fjórðunga og verð á bréfum á innlendum hlutabréfamarkaði um 4,9%. Gengi krónunnar hækkaði um 3,2% miðað við gengisskráningarvog.

Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2021/4	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2022/1
Erlendar eignir, alls	5.116	-19	-302	11	4.807
Bein fjárfesting	829	-15	-28	11	797
Verðbréf	2.804	-58	-220	0	2.526
Afleiður*	7	-9	10	0	7
Önnur fjárfesting	554	57	-15	1	596
Gjaldeyrisforði	923	6	-49	0	880
Erlendar skuldir, alls	3.826	51	-116	-31	3.730
Bein fjárfesting	1.184	-32	-22	-22	1.109
Verðbréf	1.638	4	-77	-2	1.564
Afleiður*	16	18	0	0	34
Önnur fjárfesting	988	61	-17	-9	1.023
Hrein staða þjóðar- búsins	1.290	-38	-186	42	1.076
% af VLF	38,3%	-1,1%	-5,5%	1,3%	32,0%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.